

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 12. mars 2020

Mál nr. S-139/2020:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

A

(Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 28. febrúar sl., höfðaði lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu með ákæru 10. janúar 2020 á hendur: „A, kt. [---], [---], Reykjavík, fyrir eftirgreind stórfelld brot í nánu sambandi á árinu 2019 með því að hafa:

1. Aðfaranótt mánudagsins 19. október, á [...], veist með ofbeldi að fyrrverandi kærustu sinni, B, kt. [---], og veitt henni ítrekuð högg og spörk sem sérstaklega beindust að höfði en einnig búk, ásamt því að rífa í hár hennar, taka hana hálstaki og þrengja að öndunarvegi sem var til þess fallið setja hana í lífshættu, allt með þeim afleiðingum að B hlaut augntóftargólfsbrot báðum megin, nefbeinsbrot, opið sár á höfði, mar og marga yfirborðsáverka á höfuð, mar á háls, slímhúðar og punktalaga blæðingar í munnslímhúð, yfirborðssár í hársvörð og marga yfirborðsáverka og maráverka víðsvegar um líkamann. [...]

2. Aðfaranótt sunnudagsins 8. september í [...], veist með ofbeldi að fyrrverandi kærustu sinni B, kt. [---] og slegið hana í andlitið með þeim afleiðingum að hún hlaut áverka á andlit. [...]

3. Miðvikudaginn 24. júlí veist með ofbeldi að fyrrverandi kærustu sinni og barnsmóður, C, kt. [---], í bifreið sem ákærði ók áleiðis í Heiðmörk, slegið og gripið í hana og eftir að

hann stöðvaði bifreiðina tekið farsíma hennar og sparkað honum út fyrir veg þannig að hann tjónaðist.

[...]

4. Sunnudaginn 13. október ítrekað sent fyrirverandi kærustu sinni og barnsmóður, C, kt. [---], eftirfarandi hótanir, í gegnum samskiptaforritið snapchat, sem voru til þess fallnar að valda henni ótta um líf sitt, heilbrigði og velferð:

1. Ég lem þig í stöppu.
2. Ég tek þig og kem þig í klessu og nauðga þér þegar ég kem.
3. Þú gerir sjalfri þer bara illt verra með þessu [...], Ekki gera mig reiðan, Afþvi ég verð reipur þangad til ég sé þig og þa sleppi ég henni ut á þig.

Teljast brot í öllum liðum varða við 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en ákæruliður nr. 1 telst einnig varða við 2. mgr. 218. gr. b., en til vara við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Einkaréttarkröfur:

Vegna ákæruliða nr. 1. og 2. gerir Saga Ýrr Jónsdóttir lögmaður þá kröfu fyrir hönd B, kt. [---], hér eftir nefnd kröfuhafi, að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 4.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af 1.000.000 króna frá 8. september 2019 til 19. október 2019, af 4.500.000 krónum frá 19. október 2019 til 20. febrúar 2020 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa um greiðslu þóknunar fyrir réttargæslu að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að teknu tilliti til virðisaukaskatts á réttargæsluþóknun.

Vegna ákæruliða nr. 3. og 4. gerir Saga Ýrr Jónsdóttir lögmaður þá kröfu fyrir hönd C, kt. [---], hér eftir nefnd kröfuhafi, að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 1.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr., laga um vexti og

verðtryggingu nr. 38/2001 af 1.000.000 króna frá 24. júlí 2019 til 13. október 2019, af 1.500.000 krónum frá 13. október 2019 til 10. febrúar 2020 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði krefst þess að hann verði dæmdur í vægustu refsingu er lög leyfa vegna 1. ákæruliðar en sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins hvað varðar 2., 3. og 4. ákærulið. Þá krefst ákærði þess að bótakrafa vegna 1. ákæruliðar verði verulega lækkuð og að bótakröfum er varða aðra ákæruliði verði aðallega vísað frá dómi en til vara að þær verði verulega lækkaðar. Þá gerir verjandi ákærða kröfu um hæfileg málsvarnarlaun, að mati dómsins og með hliðsjón af tímaskýrslu verjanda, sem greiðist úr ríkissjóði, a.m.k. að hluta.

Eftir að ákæra málsins var gefin út náði brotþoli, A, 18 ára aldri og lagði réttargæslumaður í þinghaldi 30. janúar 2020 fram bókun vegna breytingar á aðild að einkaréttarkröfu hennar í það horf sem að framan greinir en krafan var upphaflega sett fram af hálfu móður hennar. Þá lagði réttargæslumaður við upphaf aðalmeðferðar fram tvær bókanir vegna breytinga til lækkunar á þeim einkaréttarkröfum sem getið er um í ákæru á þann veg sem að framan er rakið.

I

Málsatvik vegna 1. og 2. ákæruliðar

D, móðir brotþola, B, gaf skýrslu hjá lögreglu 23. september 2019 vegna þess atviks er greinir í 2. ákærulið. Af rannsóknargögnum má ráða að lögregla hóf rannsókn þess eftir að þau atvik gerðust er greinir í 1. ákærulið. Hún sagði ákærða hafa lamið dóttur hennar þegar þau voru á [...]. Brotþoli hafi sjálf ekki komið heim þessa nótt en ákærði hafi þá sofið í rúmi hennar. Morguninn eftir hafi brotþoli hringt í eldri systur sína og sagt henni upp úr þurru að hún hefði fengið olnbogaskot frá einhverri stúlku á dansgólfinu og þannig búið til sögu áður en þær sæju áverka á henni. Þá sagði hún vinkonu brotþola hafa sent sér mynd af áverkum á andliti brotþola og sagt henni að ákærði hefði verið að berja hana. Þann 5. desember 2019 lagði D fram formlega kæru vegna árásarinnar.

Í skýrslu hjá lögreglu 21. október 2019 lýsti brotþoli þessum atvikum svo að ákærði hefði verið með henni á dansleik en farið og skilið hana eftir og þá haldið fram hjá henni með vinkonu hennar. Hann hefði svo kýlt hana í nefið, þannig að hún fékk

blóðnasir, þar sem hún sat í bifreið hjá vinkonu sinni. Í skýrslu 13. nóvember 2019 ítrekaði hún þennan framburð sinn og kvaðst ekki hafa leitað sér læknis vegna áverkanna en sagði móður sína eiga myndir af þeim. Þá sagði hún vitnin E og F hafa verið vitni að þessum atvikum.

Vitnið E gaf skýrslu hjá lögreglu 15. nóvember 2019. Kvaðst hún hafa sótt brotþola til [...] en ákærði hafði þá skilið hana eftir og hefði hann haldið fram hjá henni með vinkonu brotþola. Á leiðinni til baka í bæinn hafi þau séð ákærða og stansað og brotþoli sagt honum að þau væru hætt saman og hann ætti að sækja dótið sitt til hennar. Þau hafi farið að þræta og rífast og hafi brotþoli þá setið í aftursæti bifreiðarinnar með opinn glugga en ákærði verið fyrir utan bifreiðina. Ákærði hefði síðan kýlt brotþola fast högg „upp“ nefið og hefði fossblætt úr nefinu.

Vitnið F gaf einnig skýrslu hjá lögreglu þennan dag. Staðfesti hann að hafa verið í bifreiðinni þegar atvik gerðust og að hafa séð ákærða kýla brotþola „upp í“ nefið.

Í skýrslu ákærða hjá lögreglu 23. október 2019 kvaðst hann hafa rifist við brotþola í umrætt sinn en ekkert ofbeldi hefði átt sér stað milli þeirra. Hann var spurður á ný um atvik 20. nóvember 2019 og ítrekaði þá að það væri ekki rétt að hann hefði kýlt hana en kaus að tjá sig ekki frekar um atvik.

Með ákvörðun lögreglustjóra, samkvæmt 7. gr. laga nr. 85/2011, er tók gildi 23. október 2019 var ákærða gert að sæta nálgunarbanni í sex mánuði gagnvart brotþola B. Var þar lagt bann við því að ákærði kæmi á eða í námunda við heimili brotþola eða annan dvalarstað hennar, eða á svæði sem afmarkaðist við 50 metra radíus umhverfis umrædda staði. Þá var lagt bann við því að ákærði veitti brotþola eftirför, nálgast hana á almannafæri eða setti sig í samband við hana með öðrum hætti.

Fyrir liggur vottorð H læknis, dagsett 11. febrúar 2020, vegna brotþola. Þar kemur m.a. fram að hún hafi glímt við mikla áfallastreituröskun og vanlíðan vegna líkamsárásar 19. október 2019. Hún eigi erfitt með svefn og fái ítrekað martraðir tengdar árásinni og kvíðaköst. Við árásina hafi hún hlotið marga og fjölpætta áverka. Hún hafi verið vistuð á sjúkrahúsi í tíu daga eftir árásina og m.a. gengist undir aðgerðir vegna nefbrots og vegna hliðrunar á augnumgjörð. Nú sæki hún sjúkraþjálfun vegna þeirra áverka sem hún hlaut en hún þjáist af verkjum í líkama auk höfuðverkjar og svima.

Einnig liggur fyrir vottorð F, uppeldis- og afbrotafræðings, dagsett 18. febrúar 2020, vegna brotþola. Þar kemur fram að brotþoli hafi verið í meðferðarviðtölum í Barnahúsi frá 15. nóvember 2019 vegna líkamsárásar 19. október sama ár. Hún hafi m.a.

verið greind með áfallastreituröskun og alvarlegt þunglyndi. Þá hafi hún lýst sambandi sínu við ákærða sem ofbeldissambandi. Fyrir liggi að hún þurfi nokkuð mörg viðtöl til viðbótar. Þegar um nán tengsl og langtímasamband er að ræða sé margt sem þurfi að vinna með í tengslum við úrvinnslu tilfinninga þar sem þær séu oft á tíðum mjög flóknar og dýpri en ef um ókunnuga eða minni tengsl er að ræða.

II

Málsatvik vegna 3. og 4. ákæruliðar

Brotþoli, C, lagði fram kæru hjá lögreglu 30. október 2019, þar sem hún kærði ákærða, sem hún sagði að væri barnsfaðir hennar og fyrrverandi sambýlismaður, fyrir líkamsárás og hótanir. Lýsti hún sambandi þeirra svo að þau hefðu verið saman í um eitt og hálf ár og ættu saman dreng fæddan í nóvember 2017. Þau hafi slitið sambandi sínu í ágúst 2018 en verið „on“ og „off“ saman síðan þá. Eftir að þau hættu saman hefði ákærði reglulega haft í hótunum við hana um að lemja hana, drepa hana og nauðga henni, og lagði hún fram skjáskot af skilaboðum sem hún kvaðst hafa fengið frá honum, m.a. í gegnum Snapchat 13. október 2019. Á skjáskotunum má sjá þau skilaboð sem tilgreind eru í 4. ákærulið. Þá sagði brotþoli ákærða hafa beitt sig líkamlegu ofbeldi. Lýsti hún því að ákærði hefði 24. júlí sl. sótt hana á heimili hennar og hefðu þau ætlað saman í bíó, sem vinir. Eftir að hafa keypt miða hefði ákærði beðið um að fá að sjá símann hennar og spurt hana hvort hún væri á Tinder. Þau samskipti hafi leitt til þess að þau fóru aftur út í bifreiðina þar sem ákærði hefði beðið hana að opna fyrir Tinder-aðgang hennar í símanum. Hún hafi ekki getað það þar sem nettenging hafi ekki virkað. Hann hefði þá fengið hana til að skrá sig inn í síma ákærða. Eftir að hún hafði gert það hefði ákærði ekið af stað áleiðis upp í Heiðmörk en á leiðinni hefði hann verið að lemja hana milli þess sem hann skoðaði Tinder-aðgang hennar. Hann hefði bæði kýlt hana og slegið. Hafi högginn lent aftan á höfði hennar, á andliti, baki og handleggjum. Hann hafi m.a. slegið hana í andlitið hægra megin með þeim afleiðingum að vör hennar sprakk. Einnig hefðu högginn lent á hægri upphandlegg hennar og hefði hún hlotið mar eftir högginn. Lagði hún fram myndir af þeim áverkum. Hann hefði gert nokkrar tilraunir til að berja hana í andlitið og hefði hún náð að verjast öllum nema högginu sem lenti á vör hennar. Í Heiðmörk hefði ákærði farið út úr bifreiðinni með farsíma hennar og kastað honum út fyrir veg og síðan sent hana út að leita að honum. Þegar hún var komin út hefði hann ekið burt en síðan komið til baka og aðstoðað hana við að leita. Þau hefðu fundið símann og

hefði hann þá verið beyglaður og brotinn. Þá hefði ákærði sagt brotþola að ganga heim og hefði hún lagt af stað en hann síðan komið og beðið hana að koma aftur inn í bifreiðina og skutlað henni heim. Þá krafðist brotþoli þess að nálgunarbann yrði lagt á ákærða þar sem hún óttaðist að hann léti verða af hótunum sínum. Brotþoli kvaðst ekki hafa leitað sér lækniástoðar vegna áverkanna.

Skýrsla var tekin af ákærða hjá lögreglu 4. nóvember 2019. Fram kom hjá honum að hann og brotþoli hefðu verið í sambandi en væru nú hætt saman en ættu saman barn. Sagði ákærði að brotþola stafaði engin ógn af honum en þegar hann væri ölvaður missti hann stjórn á skapi sínu og segði hluti sem hann bæðist afsökunar á daginn eftir. Taldi hann að brotþoli væri kannski „pínu hrædd“ við hann þar sem hann væri orðljótur í glasi. Hann kvaðst ekki muna eftir að hafa sent henni 13. október þau skilaboð er greinir í 4. ákærulið en „A“ sé reikningur hans á Snapchat. Kvaðst hann telja líklegt að hann hefði sent þessi skilaboð þegar hann var í landi og var mjög ölvaður. Hann og brotþoli hefðu verið í „on and off“ sambandi og hún hefði sagt honum frá því að hún hefði sofið hjá öðrum strák. Hann hefði tekið því illa og orðið afbrýðisamur og hefði þetta kvöld farið í rifrildi og reiði. Daginn eftir hefði hann beðið hana afsökunar á viðbrögðum sínum. Þá kvaðst ákærði aldrei hafa lagt hendur á brotþola. Sagði ákærði að 24. júlí sl. hefðu þau ætlað í bíó en hann orðið afbrýðisamur og þau rifist heiftarlega en „aðallega á hans vegum“. Þau hefðu haldið áfram að rífast í bifreiðinni þar sem þau óku um. Á þessum tíma hefðu þau ekki verið í sambandi. Hann kvaðst muna að hann hefði verið mjög æstur, sagt mikið af ljótum hlutum og gripið í hana en hann hefði ekki kýlt hana. Þá kvaðst ákærði hafa tekið síma brotþola og sparkað honum burt í reiðikasti en strax farið og hjálpað henni að leita að honum. Í símahulstrinu hefði verið bankakort sem datt úr því. Þau hefðu leitað að kortinu í einhvern tíma en hann svo farið inn í bifreiðina og ekið aðeins áfram en sagt henni svo að koma. Ákærði kvaðst vera með ADHD og segja hluti án þess að hugsa sig um. Hann sé ekki háður áfengi en þegar hann drekki endi hann alltaf í „blackout“ og vitleysu.

Þá liggja fyrir skjámyndir af skilaboðum sem ákærði er ákærður fyrir að hafa sent brotþola 13. október 2019 og ljósmyndir af áverkum á hægri upphandlegg brotþola sem hún sendi lögreglu.

Með ákvörðun lögreglustjóra, samkvæmt 7. gr. laga nr. 85/2011, er tók gildi 4. nóvember sl. var ákærða gert að sæta nálgunarbanni í tvo mánuði gagnvart brotþola, C. Var þar lagt bann við því að ákærði veitti brotþola eftirför, nálgæðist hana á almannafæri

eða setti sig í samband við hana með öðrum hætti. Með úrskurði héraðsdóms frá 6. nóvember sl. var ákvörðunin staðfest.

Fyrir liggur vottorð J, ráðgjafa hjá Rótinni, dagsett 18. febrúar 2020. Þar kemur fram það mat J að ofbeldi og hótanir ákærða hafi haft verulega alvarlegar afleiðingar fyrir brotþola og valdið henni öryggisleysi og leitt til ótta gagnvart ákærða og hafi hún lýst sambandi sínu við hann sem ofbeldissambandi. Einnig kemur þar fram að þegar einstaklingar í ofbeldissambandi séu beittir ofbeldi eða hótunum þá missi þeir stjórn á aðstæðum og sé því mikilvægt í bataferli að þeir valdeflist og nái smám saman stjórn á lífi sínu aftur, og eigi brotþoli langt í land með áfallavinnu sína.

III

Samkvæmt framlögðum gögnum er varða heilsu ákærða komu fram hjá honum, þegar hann var barn að aldri, einkenni um athyglisbrest og mótþróaröskun sem reynt var að takast á við með meðferð og lyfjagjöf.

Þá liggur fyrir vottorð K, sálfræðings hjá Fangelsismálastofnun ríkisins, dagsett 26. febrúar 2020. Þar kemur fram að ákærði hafi mætt níu sinnum í viðtöl til hans og sóst eftir stuðningi og lagt sig fram við að ná tókum á líðan sinni. Markmið meðferðar hafi verið að takast á við einkenni þunglyndis og kvíða og hafi meðferðarvinna snúist um tilfinningastjórn og reiðivanda. Þá hefði ákærði sýnt staðfestu og vilja til að takast á við áfengisvanda. Meðferð sem snúi að ofbeldishegðun og skaðlegum viðhorfum sé enn óunnin en ákærði hafi sýnt vilja til að takast á við þann vanda.

IV

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.

Ákærði viðurkenndi þá háttsemi sem greinir í 1. ákærulið. Hvað varðar þau atvik er greinir í 2. ákærulið þá kvaðst hann hafa verið að drekka þetta kvöld en taldi að hann hefði ekki verið mjög ölvaður þegar atvik gerðust. Hann hefði verið gangandi þegar bifreið af gerðinni [...] var ekið að honum og hefði brotþoli B setið í bifreiðinni. Hún hefði opnað glugga og byrjað að öskra á hann og þau byrjað að rífast og hefði hún ásakað hann um framhjáhald. Hann hefði verið yfirvegaður á meðan á þessu stóð en brotþoli í miklu uppnámi. Hún hefði setið í aftursæti bifreiðarinnar vinstra megin og með höfuðið

hálf út um opinn gluggann. Hún hefði hvatt hann til að slá til sín og síðan slegið ákærða. Hann hefði þá spurt hana hvort henni liði betur eftir það en hún hefði þá slegið hann líklega tvö högg til viðbótar og sett síðan annan fótinn út um opinn glugga bifreiðarinnar og sparkað tvisvar eða þrisvar sinnum í andlitið á honum. Hann hefði hlotið mar eftir þetta sem hann hefði síðar sýnt brotþola. Hún hefði síðan stungið andlitinu út um gluggann og um leið og hún gerði það hefði hann slegið til hennar af því að hann hélt að hún ætlaði að slá hann en hann myndi ekki hvernig hann beitti hendinni. Kvaðst hann ekki muna hvort brotþoli hefði sett einhvern annan líkamshluta en höfuðið út um gluggann þegar þetta gerðist en hann hefði búið við fleiri höggum. Ákærði kvaðst ekki hafa lýst þessari háttsemi brotþola hjá lögreglu, bæði þar sem hann hefði skammast sín og af því að hann vildi ekki koma brotþola í vandræði. Þá sagði hann bifreiðina vera lága og hefði hann þurft að beygja sig til að tala við hana. Ákærði kvaðst hafa séð að hann hefði meitt brotþola þar sem hún hélt um andlitið strax á eftir og hafði augljóslega meitt sig en hann hefði ekki séð blóð. Hann hefði hitt brotþola um sólarhring eftir þetta og hefði hún þá verið marin á nefi. Hann hefði síðan gengið burt og ekkert hefði hindrað hann í að fara á meðan þessi atvik urðu og vissi hann ekki af hverju hann fór ekki fyrr.

Ákærði sagði að á meðan þetta gerðist hefði vitnið E, vinkona brotþola, setið í ökumannssæti bifreiðarinnar og í hinu framsætinu hefði vitnið F setið. Þau hefðu ekki verið að fylgjast með því sem gerðist milli hans og brotþola en hann myndi eftir því að E hefði sagt honum að rekast ekki í bifreiðina. Borinn var undir ákærða framburður E og F hjá lögreglu þar sem þau lýstu því bæði að ákærði hefði slegið „upp“ undir nef brotþola. Sagði ákærði þá að atvik hefðu ekki gerst á þann hátt og hefði þau ekki séð þetta gerast og ekki haft aðstæður til þess þar sem þau hefðu setið frammi í og brotþoli verið með höfuðið út um gluggann.

Ákærði kvaðst hafa kynnst brotþola þegar hann var nýorðinn 17 ára en hún nýorðin 14 ára og þau þá verið saman í nokkra mánuði en tekið aftur upp þráðinn í árslok 2018 og verið saman með hléum út af „asnalegum rifrildum“. Þau hefðu verið nýhætt saman í október og hist aftur 19. október til að sjá hvort það gæti leitt til einhvers. Á þeim tíma þegar þau voru saman hefðu þau sofið saman og eytt tíma saman. Hann hafi oft gist hjá brotþola sem bjó hjá foreldrum sínum, kannski aðra hverja helgi þegar hann var ekki í vinnunni, og einnig hefði hún gist hjá honum en hann hefði búið hjá afa sínum og ömmu. Hvorugt þeirra hefði átt neitt og fjárhagur þeirra ekki verið sameiginlegur.

Ákærði var beðinn um að skýra þá afstöðu sína að hann hefði ekki veist að brotþola með ofbeldi þegar hann sló hana og sagði hann að hann hefði ekki gengið að bifreiðinni með það í huga að rífast við hana og slá til hennar. Það hefði gerst vegna þess hvernig atburðarásin þróaðist. Þau hefðu rætt þessi atvik síðar og útkljáð þau sín á milli.

Hvað varðar 3. ákærulið sagði ákærði að þar væri lýst hlutum sem ekki væru réttir. Hann kannist ekki við að hafa veist að brotþola C með ofbeldi eða slegið hana en hafa gripið í hana og sparkað farsíma hennar út fyrir veginn. Þau hefðu verið á leið í bíó þegar hann frétti af því að hún væri byrjuð á Tinder og hefði hann verið vonsvikinn yfir því og afbrýðisamur. Þau hefðu hætt við að fara í bíó og farið að aka um og hefði hann farið að rífast við hana og „hraunað“ yfir hana. Hann hefði verið reiður en ekki lagt á hana hendur en gæti hafa rifið eitthvað í hana en ekki á þann hátt að hún hefði getað meiðst. Hann gæti hafa rifið í öxlina á henni ef honum hefði fundist eins og hún væri ekki að hlusta og þá til að ná athygli hennar. Þetta hefði verið á meðan hann var að aka og þá hefði hann gripið í þann handlegg sem var nær honum. Hann hefði stöðvað bifreiðina í Heiðmörk og sparkað síma brotþola út fyrir veginn. Þá hefði hann séð að sér og áttað sig á því hvað það var fáránlegt sem hann var að gera og farið út og hjálpað henni að leita að símanum og ekið henni síðan heim. Ákærði kvaðst ekki hafa séð áverka á brotþola eftir þessi samskipti þeirra. Þá voru ákærða sýndar ljósmyndir frá brotþola af ætluðum áverkum og sagði hann þá ekki geta verið eftir þessi samskipti þeirra.

Ákærði sagði að þau brotþoli hefðu ekki verið saman á þessum tíma og hefðu þau hætt saman einni til tveimur vikum fyrr. Hann hefði verið að vona að hún væri ekki á Tinder á þessum tíma. Hann hefði fyrst kynnst brotþola þegar hann var nýhættur með Bí fyrsta skiptið. Þau hafi fljótlega byrjað saman og verið saman í ár eða meira. Í byrjun sambandsins hefðu þau hist oft og gist saman um helgar. Þau hefðu ekki átt sameiginlegt heimili og ekki átt neitt saman en hann hefði verið mikið á heimilinu eftir að hún varð ólétt. Til að byrja með hefði hún verið í vinnu en hætt eftir að hún varð ófrísk og hann hefði þá byrjað á sjó en þegar hann var í landi hefði hann alfarið verið hjá henni.

Ákærði sagði að þau B hefðu líklega tekið aftur saman um miðjan ágúst 2019 en hefðu áður verið að hittast sem vinir. Hann hefði verið í sambandi við brotþola frá miðju ári 2016 og hefði sonur þeirra fæðst í nóvember 2017 og þau hætt saman snemma árs 2018. Þau hefðu eftir það verið í samskiptum vegna barnsins og eftir að hann og B hættu saman hefðu þau stundum hist og sofið saman. Í lok sambands hans við brotþola hefði sambandið verið „on and off“. Hann hefði búið hjá afa sínum og ömmu en verið með

brotapola á heimili hennar. Samskipti hans og brotapola vegna sonar þeirra hefðu verið góð þangað til mál þetta kom upp en síðan þá hefðu engin samskipti verið milli þeirra.

Hvað varðar 4. ákærulið þá viðurkenndi ákærði að hafa sent þau skilaboð sem þar greinir en taldi að í því hefði ekki falist refsiverð háttsemi. Þegar atvik gerðust hefði hann verið í miklu uppnámi og mjög ölvaður og kvaðst hann telja að vegna þess bæri ekki að virða háttsemi hans sem refsiverða. Skömmu áður hefði hann reynt að fyrirfara sér en verið stöðvaður. Hann hefði farið í land á Húsavík og farið á veitingastað þar sem hann hefði farið að drekka. Síðan hefði hann farið að rífast við brotapola á Facetime og því hefði hún vitað að hann var miður sín og drukkinn og hefði hún því ekki átt að taka skilaboðin alvarlega. Á leiðinni um borð aftur hefði hann verið með sjálfsvígshugsanir og hringt í móður sína til að kveðja hana og hefði hún séð til þess að hann fengi aðstoð. Skilaboðin hafi hann svo sent þegar hann var aftur kominn um borð. Sagði ákærði að þetta hefði gerst vegna afbrýðisemi af hans hálfu. Þau brotapolí hefðu verið að spjalla og hann þá frétt að hún hefði sofíð hjá öðrum strák og hann þá orðið reiður. Þegar rann af honum hefði hann áttað sig á því að þetta kæmi honum ekki við og beðist afsökunar á því að hafa sent skilaboðin og kvaðst hann halda að sú afsökun hefði verið tekin gild. Kvaðst ákærði ekki telja að brotapolí hefði orðið hrædd vegna skilaboðana eða haldið að hann mundi láta verða af þessu enda hefði hún vitað að hann var á sjónum.

Ákærði kvaðst skammast sín fyrir „allt saman“. Hann væri nú að vinna í sjálfum sér og sagði að hann hefði ekki verið á góðum stað andlega lengi. Þau atvik er greinir í 1. ákærulið hefðu verið áfall og hefði hann í kjölfar þess ákveðið að breyta ýmsu í lífi sínu, m.a. að hætta að drekka því þegar hann geri það gerist leiðinlegir og heimskulegir hlutir. Hann sæki AA-fundi í fangelsinu og hafi notað þá daga þegar hann hafi verið laus úr gæsluvarðhaldi til að leita sér frekari aðstoðar en það ekki gengið eftir þar sem hann hafi aftur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Þá sé hann í sálfræðimeðferð sem hann ætli sér að halda áfram og telji að geri sér gagn. Áður en þessi atvik gerðust hefði hann aldrei verið sakaður um ofbeldi en oft sagt hluti sem áttu ekki við. Hann hafi verið greindur með ADHD þegar hann var yngri en telji að hann hafi almennt góða stjórn á því í daglegu lífi en finni fyrir því að hann geri hluti án þess að hugsa. Sagði ákærði að hann hefði aldrei verið á jafn góðri leið varðandi vellíðan og stöðugleika í lífi sínu og í dag.

Vitnið B er brotapolí vegna þeirra atvika sem greinir í 1. og 2. ákærulið. Hún lýsti atvikum svo hvað varðar 2. ákærulið að þau hefðu verið á [...] og farið á dansleik og bæði verið að drekka og hefði hann skilið hana eftir. Hann hefði farið með vinkonu

hennar og sofið hjá henni. Hún hefði leitað að ákærða en ekki fundið hann og hefðu vitnin E og F sótt hana. Þegar þau voru á leið út úr bænum hefði hún séð ákærða og stansað. Ákærði hefði komið að bifreiðinni og þau farið að rífast. Hún hefði sett fótinn út um bílgluggann til að reyna að ýta honum burt en hann hafði verið beðinn að færa sig frá bifreiðinni. Ákærði hefði þá tekið í fótinn á henni og byrjað að skalla hann með höfðinu og þannig verið að hjálpa henni að sparka í höfuðið á honum og kvaðst hún halda að hann hefði fengið kúlu eftir þetta. Hún hefði síðan farið með höfuðið út um gluggann og þá eiginlega staðið inni í bifreiðinni og reigt sig fram og hefði ákærði þá kýlt hana „beint upp nefið“ og hún hrokkið aftur inn í bifreiðina. Við höggið hefði vörin á henni sprungið og hún fengið miklar blóðnasir. Brotapoli kvaðst ekki hafa veist að ákærða með ofbeldi en sparkað til hans þegar hún var að ýta honum frá bifreiðinni en hún hefði aldrei getað meitt hann með fætinum. Brotapoli kveðst ekki hafa slegið til ákærða eins og hann lýsti í framburði sínum og kvaðst hún hafa verið inni í bifreiðinni allan tíma. Það eina sem hún hefði gert var að öskra á hann en hún viðurkenndi að hún hefði ögrað honum. Hún kvaðst kunna að „ýta á punkta“ hjá honum til að gera hann reiðan. Þegar þau voru komin til Reykjavíkur og voru fyrir utan lögreglustöðina kvaðst brotapoli ekki hafa þorað að kæra þetta atvik og ekki hafa viljað gera ákærða það. Hún hefði farið til vinkonu sinnar en ákærði hefði sofið heima hjá henni.

Brotapoli sagði að þau ákærði væru búin að vera „on and off“ saman frá því að hún var 14 ára, árið 2016, og hefðu þau líklega verið saman alls í um tvö ár. Hann hefði þá búið heima hjá henni í um ár, þar hefðu öll fötin hans verið og hann verið alltaf þar þegar hann var ekki á sjó jafnvel þó að hún væri þá ekki heima. Þau hefðu verið búin að finna sér íbúð sem þau ætluðu að flytja saman í. Þau hefðu verið mjög nán og gert allt saman. Eftir að þau hættu saman hefðu þau aldrei hætt að tala saman og hittast og sofa saman. Þau hefðu hætt saman þegar hann fór að vera með C vinkonu hennar og í millitíðinni hefði hann eignast barn með C. Telji hún að C og ákærði hafi verið saman í um eitt og hálf ár. Brotapoli sagði að þau ákærði hefðu tekið saman aftur í júlí 2018 og því verið búin að vera saman í rúmt ár þegar það atvik sem greinir í 1. ákærulið gerðist. Þá hefðu þau verið hætt saman en hist til að skoða stöðu sína. Hún sagði ákærða áður hafa beitt hana ofbeldi og sagðist eiga myndir af öllum þeim áverkum sem hann hefði veitti henni og hefði látið lögreglu hafa myndir af áverkunum sem hann veitti henni í þetta skipti. Henni hefði alltaf verið illt í nefinu eftir þetta og hefði svo nefbrotnað aftur 19. október. Hún hefði verið meðvirk með ákærða og leyft honum að komast upp með

allt. Eftir þá árás sem greinir í 1. ákærulið hafi hún verið greind með áfallastreituröskun, mikinn kvíða og þunglyndi. Þá sé hún með áverka á baki og leiti til sjúkrahjálfa vegna þess. Einnig sé henni illt í auganu þar sem aðgerðin var gerð. Þá séu kristallar í eyra hennar ekki lengur á réttum stað vegna þeirra högga sem hún fékk og sé hún alltaf með höfuðverk og svima og heyrir illa og hafi áhyggjur af sjón sinni. Hún sé oft reið og bitni sú reiði á fjölskyldu hennar og sé hún einnig að vinna í líðan sinni hjá sálfræðingi.

Vitnið D, móðir brotþola, B, kvaðst ekki hafa vitað að ákærði hefði ráðist á brotþola, eins og lýst er í 2. ákærulið, fyrr en líklega tveimur vikum eftir árásina. Hún hafi farið til útlanda 10. eða 11. september og fengið að vita þetta daginn áður. Þá hefði henni verið framsend mynd sem brotþoli hafði sent vinkonu sinni. Myndin var af brotþola og hefði hún verið blóðug eftir kjaftshögg og á myndinni staðið: „Ég trúir því ekki að þetta hafi gerst.“ Daginn eftir hafi hún farið til lögreglu til að tilkynna atvikið en þá hafi verið lokað og hafi hún því pantað tíma síðar. Hún sagði brotþola ekki hafa komið heim aðfaranótt 8. september en ákærði hefði komið og sofði í rúminu hennar. Hún hafi komið heim í kringum hádegi á sunnudegi en áður hringt í systur sína til að undirbúa hana. Hafi hún sagt systur sinni að hún væri með bólgna vör eftir olnbogaskot sem hún hefði fengið frá stelpu kvöldið áður þegar hún var á dansgólfi. Vitnið kvaðst þennan dag hafa séð að brotþoli var með áverka, bólgna vör. Vitnið kvaðst upphaflega hafa tilkynnt atvikið til lögreglu en látið svo vita að hún vildi kæra atvikið en við því hefði ekki verið brugðist. Ekkert hefði gerst í málinu fyrr en eftir seinna tilvikið, þegar brotþoli slasaðist alvarlega. Vitnið sagði brotþola hafa verið 14 ára og ákærða árið 2016 þegar þau byrjuðu saman og hefðu þau verið „on and off“ í sambandi þar til í október 2019. Kvaðst hún telja að ákærði hefði á sama tíma verið með brotþola og vitninu C og hefði hann hóttað þeim að ef þær gerðu ekki eitthvað tiltekið tengt kynlífi þá færi hann til hinnar. Ákærði hefði búið á heimili hennar frá því um haustið 2016 og hefði hann verið byrjaður að gista hjá brotþola um tveimur mánuðum eftir að þau fóru að hittast og verið þar með fót sín og annað dót og hegðað sér eins og hann ætti heima þar. Vitnið sagði afleiðingar árásarinnar hafa verið miklar fyrir brotþola. Henni gangi illa að sofa, hún sé kvíðin og hafi leitað sér sálfræðiaðstoðar. Þá sé hún enn að glíma við líkamleg veikindi. Hún sé alltaf með suð í eyra og með stöðugan höfuðverk. Hún hafi breyst mikið eftir þetta en hafi áður alltaf verið mjög lífsglöð.

Vitnið C sagði að þau ákærði hefðu ætlað að sjá mynd í Smárabíó og verið komin þangað þegar þau atvik gerðust er greinir í 3. ákærulið. Þau hefðu ekki verið þar á þessum

tíma og hefði ákærði farið að spyrja hana hvort hún væri á Tinder. Hún hefði svarað því játandi og hann þá farið að rífast við hana og spyrja hana af hverju hún væri á Tinder. Þau hefðu endað aftur úti í bifreiðinni og hann þá beðið hana að fara inn á Tinder-aðgang sinn í símanum en hún hefði ekki getað það þar sem hún var ekki með nettengingu. Hann hefði þá beðið hana að fara inn á aðganginn sinn í hans síma og hefði hann „downlodað“ forritinu og hún opnað fyrir aðgang sinn í síma ákærða. Hann hefði svo ekið af stað og byrjað að lesa upp skilaboð sem hún hafði fengið. Síðan hefði hann stansað rétt hjá Smáralind og haldið áfram að lesa og svo lamið hana í fyrsta skiptið. Það högg hefði lent á munnum á henni og hefði vör hennar sprungið. Hann hefði svo ekið af stað aftur og haldið áfram að lesa upp skilaboðin og lamið hana í höfuðið, höndina, bakið og lærið. Hún hefði sett hendurnar fyrir andlitið á sér og þess vegna hefði ákærði ekki náð að lemja hana aftur í andlitið. Kvaðst hún hafa beðið ákærða að stansa og hleypa sér út en hann hefði ekki gert það. Ákærði hefði ekið áfram inn í Heiðmörk en þar hefði hann stöðvað bifreiðina og beðið um að fá að skoða símann hennar. Hún hefði látið hann hafa símann sem hann hefði skoðað, farið svo út úr bifreiðinni og sparkað símanum burt og sagt henni að fara og sækja hann. Hún hefði þá farið út og byrjað að leita að símanum en ákærði ekið burt. Hann hefði síðan komið til baka og hjálpað henni að leita og hefðu þau fundið símann sem var brotinn og beyglaður. Ákærði hefði síðan farið inn í bifreiðina og ekið af stað en komið aftur til baka og sagt henni að fara inn í bifreiðina og skutlað henni heim. Eftir þetta hefði hún verið með sprungna vör og mar á öxlinni.

Brotapoli sagði að þau ákærði hefðu byrjað saman í febrúar 2017 og verið saman þar til í júlí eða ágúst 2018 og eignast barn saman. Ákærði hefði flutt inn til hennar stuttu eftir að þau byrjuðu saman, líklega í mars 2017, þar sem hún bjó hún með foreldrum sínum og bræðrum. Eftir að þau hættu saman hefði hún flutt til Spánar, í ágúst 2018, en flutt til baka þaðan um páskana 2019. Meðan hún bjó á Spáni hefði ákærði af og til verið að senda henni skilaboð og t.d. segja að hann væri að hugsa um hana. Þannig hefði hann passað upp á að hún „missti ekki tilfinningar til hans“. Eftir að hún var flutt aftur til Íslands hefði ákærði sagt henni að hann vildi vera með henni og B báðum og hvorugri sleppa. Þau hefðu síðan þá og þangað til í júlí verið að hittast og stundum sofið saman en ekki verið þar. Áður en þetta atvik gerðist hefði hún orðið fyrir miklu andlegu ofbeldi af hálfu ákærða.

Brotapoli kvaðst hafa tekið myndir af þeim áverkum sem hún hlaut og sagði þá áverka sem sæjust á myndunum vera eftir högginn sem ákærði veitti henni. Þá sagði hún

að það gæti verið ákærði hefði einnig rífið í hana en kvaðst ekki vita til þess að hafa fengið áverka eftir það. Brotapoli kvaðst ekki hafa leitað sér lækniástoðar vegna þessara áverka.

Brotapoli staðfesti að ákærði hefði sent henni þau skilaboð á Snapchat sem greinir í 4. ákærulið. Henni hefði ekki liðið vel þegar hún sá þau og hefði hún orðið mjög hrædd við ákærða þegar hún fékk skilaboðin. Hún óttaðist að hann mundi koma og gera „þetta“ aftur og að hann meinti það sem hann sagði í þessum skilaboðum. Hún hefði ekki leitað til lögreglu vegna skilaboðanna af því að þau ákærði ættu barn saman og hefði hún ekki viljað koma honum í vandræði. Áður en ákærði sendi skilaboðin hefðu þau verið að ræða saman. Hún vissi að ákærði var á sjó en ekki að hann hefði verið á slæmum stað andlega. Eftir að þetta gerðist hefði hún ekki verið mikið í samskiptum við ákærða en þá aðallega vegna sonar þeirra.

Vitnið E kvaðst hafa sótt brotþola B til [...] og á leiðinni þaðan hefðu þau séð ákærða. Brotapoli hefði beðið hana að stöðva bifreiðina og hefði hún ætlað að segja ákærða að þau væru hætt saman. Vitnið kvaðst hafa stöðvað bifreiðina og hefði ákærði komið að og farið að tala við brotþola og þau farið að rífast og öskra hvort á annað og hefði rifrildi þeirra stigmagnast. Vitnið kvaðst hafa setið frammi í og horft á atvik en kærasti vitnisins, vitnið F, hefði verið í símanum. Brotapoli hefði sett annan fótinn út um gluggann og reynt að ýta ákærða burt en vitnið hefði áður verið búin að segja honum að fara frá bifreiðinni. Ákærði hefði ekki gert það og hefði brotapoli þá reynt að ýta honum frá en það engu breytt. Síðan hefði brotþoli, sem sat í aftursæti fyrir aftan vitnið sem var ökumaður bifreiðarinnar, verið komin með höfuðið aðeins út um opinn bílgluggann og hallað höfðinu út um gluggann. Ákærði hefði þá lamið hana og hefði hann „tekið högg upp nefið hennar“, og sýndi vitnið þetta með því að beina krepptum hnefa sínum upp undir nefið á sér. Hann hefði slegið hana eitt högg og við það hefði brotþoli hrokkið aftur til baka inn í bifreiðina. Ákærði hefði þá bakkað frá bifreiðinni og hún ekið burt. Vitnið kvaðst ekki hafa séð brotþola veitast að ákærða, einungis ýta honum frá með fætinum og höndunum og hefði hún þá ýtt á brjóstakassa hans. Ákærði hefði þá tekið í fót hennar og neglt höfðinu í fótinn en brotþoli hefði ekki sparkað í hann. Vitnið hefði snúið sér við til að sjá til þeirra og þannig hefði hún séð ákærða út um gluggann og einnig brotþola fyrir aftan sig. Sagði vitnið að brotþoli hefði verið að egna ákærða og „ýta á rétta punkta“ til að gera hann reiðari. Það hafi hún gert með því að segja hluti við hann

eins og að hann væri ógeðslegur. Brotapoli hefði verið mjög reið og sár út í ákærða þegar þetta gerðist af því að hann hafði fyrr um kvöldið sofið hjá vinkonu hennar.

Vitnið F sagði að þau E hefðu verið að sækja brotþola, B, til [...]. Á leiðinni til baka hafi þau séð ákærða og stansað hjá honum og hefðu brotþoli og ákærði þá farið að rífast. Sjálfur hefði hann verið í símanum og ekki skipt sér af þessu. Síðan hefðu þau byrjað að öskra hvort á annað og hefði hann þá snúið sér við og séð þegar ákærði lamdi eitt högg með krepptum hnefa „upp í nefið á henni“ og það fossblæddi úr því. Brotapoli hafi þá setið í aftursæti bifreiðarinnar fyrir aftan ökumann, og verið með höfuðið út um opinn glugga. Vitnið kvaðst ekki, áður en þetta gerðist, hafa séð brotþola slá eða sparka í ákærða. Hann hefði séð að brotþoli var einhvern tímann meðan á þessu stóð með annan fótinn út um gluggann og hefði ákærði þá haldið í fótinn og skallað hann þannig að hann beindi fæti brotþola að höfði sínu. Kvaðst vitnið ekki vita hvort ákærði hefði fengið áverka við þetta. Þau E hefðu reynt að fá brotþola til að fara til lögreglu eftir þetta en hún hefði viljað fara þangað með móður sinni.

Vitnið J, félagsráðgjafi og starfsmaður Rótarinnar í Bjarkahlíð, staðfesti fyrir dómi vottorð sitt vegna brotþola, C, frá 18. febrúar sl.

Vitnið H læknir staðfesti fyrir dómi vottorð sitt vegna brotþola, B, frá 11. febrúar 2020. Kvaðst hann ekki hafa hitt hana síðan 26. janúar sl. en þá hafi hann sent hana áfram í frekari meðferð hjá sjúkrapjálfa, gefið út lyfjaskírteini vegna hennar og tilvísun til háls-, nef- og eyrnalæknis til endurmats.

Vitnið I, uppeldis-, afbrota- og fjölskyldufræðingur og [...] staðfesti fyrir dómi vottorð sitt vegna brotþola, B, frá 18. febrúar 2020. Síðan þá hefði hún hitt brotþola einu sinni og þá hefði hún verið gríðarlega stressuð vegna aðalmeðferðar málsins. Hún hefði skolfið öll og titrað og vinnan farið að mestu í að róa hana og hjálpa henni að draga andann og leiðbeina henni með það hvernig hún gæti unnið með sjálfa sig til að takast á við það sem hún var að fara að ganga í gegnum. Hún sé dugleg og beri sig vel en sé ekki alveg meðvituð um líðan sína og henni líði stundum verr en hún vilji sýna út á við, nokkuð sem hún sé búin að temja sér. Vitnið kveðst vera bjartsýn vegna brotþola þar sem hún sé mjög kraftmikil og dugleg. Hún sé búin að hitta brotþola nokkuð oft og sjái fyrir sér að hitta hana fram yfir sumarfrí. Það þurfi að hjálpa henni að styrkja sig. Hún viti að hún er veik fyrir ákveðnum þáttum og segist vera meðvirk að eðlisfari og láti vaða yfir sig. Einnig sé hún með mikinn kvíða sem taki tíma að vinna með. Hún hafi verið sett á lyf vegna kvíða en ekki liðið vel á þeim lyfjum og vilji hún reyna að vinna með kvíðann

án lyfja. Þá sé hún að kljást við líkamlega kvilla, t.d. verk í kringum auga og sé hún hrædd um að sjónin skaðist. Líkamlegar afleiðingar árásarinnar hafi þannig einnig áhrif á líðan hennar. Þá hafi hún reynt að vera sterk gagnvart fjölskyldu sinni en hafi enga krafta í það.

V

Niðurstaða

Í máli þessu er ákærði ákærður fyrir brot gegn tveimur ungum konum sem hann hafði verið í ástarsambandi við og eru öll brotin í ákæru talin varða a.m.k. við 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Samkvæmt ákvæðinu skal hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, sæta fangelsi allt að 6 árum.

Í greinargerð sem fylgdi lagafrumvarpi þegar ákvæðið var lögfest með 4. gr. laga nr. 23/2016 kemur fram að þeir einstaklingar sem ákvæðið tilgreinir og veitir sérstaka réttarvernd, séu kjarni þess hóps sem telja verður að nauðsynlegt sé að veita sérstaka vernd gegn ofbeldi í nánnum samböndum. Réttarvernd ákvæðisins er þó ekki bundin við þá sem þar eru sérstaklega nefndir heldur getur eftir atvikum einnig náð til annarra sem búa með geranda á heimili eða eru í hans umsjá, svo sem systkina, fósturforeldra og fósturbarna. Þá verður hugtakið sambúðaraðili í skilningi ákvæðisins ekki túlkað svo þröngt að nauðsynlegt sé að sambúð hafi formlega verið skráð hjá yfirvöldum.

Þá kemur fram í greinargerðinni að með ákvæðinu sé lögð áhersla á að ofbeldi í nánnum samböndum felji ekki einungis í sér samansafn einstakra tilvika heldur megi virða slíka háttsemi sem eina heild. Athyglin er þannig færð á það ógnar- og óttaástand sem getur skapast og jafnframt á þá viðvarandi andlegu þjáningu, kúgun og vanmátt sem þolandi upplifir við slíkar aðstæður. Einnig kemur þar fram að samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins sé það gert að skilyrði að háttsemi sé endurtekin eða alvarleg svo hún verði refsiverð samkvæmt ákvæðinu. Með því að háttsemi sé endurtekin er vísað til þess að hún hafi staðið yfir í lengri eða skemmri tíma þannig að telja megi að viðvarandi ógnarástand hafi skapast. Þó er ekki útilokað að einstakt brot geti fallið undir ákvæðið ef

það nær tilteknu alvarleikastigi. Minni háttar brot sem ekki ná því stigi gætu eftir sem áður varðað við vægari refsíákvæði eins og 1. mgr. 217. gr. laga nr. 19/1940.

Af málgögnum og því sem fram kom við meðferð málsins má ráða að ákærði og brotþoli B hafi fyrst byrjað saman ársið 2016 þegar brotþoli var 14 ára en framburður ákærða og vitna eru allir á þann veg að ákærði hafi verið orðinn 17 ára þegar sambandið hófst. Móðir brotþola og brotþoli báru báðar um að ákærði hefði fljótlega verið farinn að gista á heimili þeirra eftir að hann og brotþoli byrjuðu saman. Þá eru ákærði og brotþoli nokkuð samhljóða um að samband þeirra hafi varað þar til ákærði fór að vera með brotþola C án þess að vera viss um tímasteningar, en C bar um að þetta hafi verið í febrúar 2017. Þau hafi verið saman þar til í ársbyrjun árið 2018 og eignast saman barn í nóvember 2017. Ákærði og B hafi byrjað aftur saman í júlí eða ágúst 2018 og það samband varað í rúmlega ár en þau slitið sambandi sínu skömmu áður en þau atvik gerðust er greinir í 1. ákærulið, sem var 19. október. Af þessu má ráða að samband ákærða og B hafi varað hátt í tvö ár en samband hans og C í rúmlega eitt og hálf ár. Báðar lýstu brotþolar því að þær hefðu verið í samskiptum við ákærða á þeim tíma sem þau voru ekki í formlegu sambandi. Þá lýsa þær því báðar að ákærði hafi gist mikið hjá þeim meðan á sambandi þeirra stóð, þegar hann var ekki á sjó, og að þau hafi ekki rekið sameiginlegt heimili heldur verið á heimili foreldra brotþola og ekki átt sameiginlegar eigur.

Í ákæru eru brotþolar tilgreindar sem fyrrverandi kærustur ákærða. Í framangreindri greinargerð er vísað til 2. gr. verklagsreglna ríkislögreglustjóra frá 2. desember 2014 um ofbeldi í nánnum samböndum (heimilisofbeldi) þar sem fram kemur að það taki m.a. til núverandi og fyrrverandi maka, jafnt hjóna, sambúðarfólks og pars. Er parasambandi þar jafnað saman við sambúðarfólk. Þá segir einnig í greinargerð að þeir sem taldir eru upp í ákvæðinu séu kjarni þess hóps sem telja verði að nauðsynlegt sé að veita sérstaka vernd gegn ofbeldi í nánnum samböndum en réttarverndin sé þó ekki bundin við þá sem þar séu sérstaklega nefndir heldur geti eftir atvikum einnig náð til annarra sem búa með geranda á heimili eða eru í hans umsjá, svo sem systkina, fósturforeldra og fósturbarna. Með þessari athugasemd var löggjafinn að víkka gildissvið ákvæðisins miðað við orðalag þess en kaus engu að síður að setja ekki pör inn í texta ákvæðisins þrátt fyrir að framangreint fordæmi væri fyrir slíkri skilgreiningu á nánnum samböndum. Verður því að skilja ákvæðið svo að þegar sambandi milli geranda og

þolanda er lokið þegar atvik gerast í tilvikum sem þessu þá verði a.m.k. að vera um fyrrum sambúðaraðila að ræða.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, hvílir á ákærvaldinu að færa sönnur á sekt ákærða. Það er dómara að meta hvort nægileg sönnun sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 109. gr. laga nr. 88/2008. Tekur þetta m.a. til þess hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafa.

Með lögfestingu á 218. gr. b var ætlunin að þyngja refsingu vegna háttsemi sem felld verður undir ákvæðið væri samband geranda og þolanda með tilteknum hætti. Er ákvæðið þannig íþyngjandi fyrir ákærða hvað varðar ákvörðun refsingar en einnig hvað varðar gildissvið þess. Verður því, með vísan til 108., sbr. 109. gr. laga nr. 88/2008, allur vafi hvað þetta varðar túlkaður ákærða í hag. Ákærði byggir á því að samband hans við hvorugan brotþola verði talið hafa verið sambúð í skilningi ákvæðisins. Í ljósi þeirra lýsinga sem fram hafa komið á sambandi ákærða við báða brotþola er ljóst að ekki var um formlega skráða sambúð að ræða. Af framburði ákærða og beggja brotþola verður þó ekki annað ráðið en að sambönd þeirra hafi verið nán meðan þau vörðu. Brotþolar telja báðar að ákærði hafi búið hjá þeim á heimili foreldra þeirra á meðan á samböndum þeirra við ákærða stóð en ákærði er á því að hann hafi gist hjá þeim en átt heimili hjá afa sínum og ömmu. Verður ekki af framburði þeirra ráðið að mikil festa hafi verið á sambúð ákærða, hvorki með B eða C, en ákærði átti í sambandi við þær báðar á þessu rúmlega þriggja ára tímabili frá því að hann og B hófu fyrst samband sitt. Loks er til þess að líta að brotþolar voru báðar undir 18 ára aldri þegar þær voru í sambandi við ákærða og því lögum samkvæmt börn undir forræði foreldra sinna á þessum tíma og þjuggu hjá þá. Í ljósi alls framangreinds er það mat dómsins að ósannað að samband ákærða við brotþola hafi uppfyllt 1. mgr. 218. gr. b.

Ákærði hefur skýlaust játað þá háttsemi sem honum er gefin að sök í 1. ákærulið. Sú játning ákærða fær fulla stoð í gögnum málsins. Sannað er með játningu hans og öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er þar gefin að sök. Í ljósi framangreindrar niðurstöðu dómsins um að samband ákærða og brotþola B verði ekki felld undir skilgreiningu 1. mgr. 218. gr. b, og því heldur ekki 2. mgr. sama ákvæðis, kemur til skoðunar varakrafa ákærvaldsins hvað varðar heimfærslu brota ákærða til refsíákvæða. Vegna þeirra alvarlegu áverka er brotþoli B hlaut við atlöguna

og þeirra aðferða sem ákærði beitti þegar hann sparkaði ítrekað í höfuð hennar og bók og tók hana hálstaki og þrengdi að öndunarvegi hennar er brot hans talið vera stórfellt og varða við 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940. Vegna ungs aldurs brotþola þegar atvik gerðust þykir háttsemi hans einnig varða við 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Hvað varðar 2. ákærulið þá hefur ákærði viðurkennt að hafa slegið brotþola B, en segir það ekki hafa verið ofbeldi heldur viðbrögð hans við því að brotþoli bæði sló og sparkaði í hann. Í ljósi þess telji hann háttsemi sína ekki vera refsiverða.

Fyrir liggur að þegar atvik gerðust sat brotþoli í aftursæti bifreiðar, fyrir aftan ökumann, með bílrúðu dregna niður. Ákærði var fyrir utan bifreiðina sem lýst hefur verið sem sportbifreið af gerðinni [...] sem er lág. Þá liggur fyrir að brotþoli og ákærði rifust og kom fram hjá brotþola og vitnum að það hefði verið vegna þess að brotþoli hefði talið að ákærði hefði haldið fram h já sér. Samkvæmt framburði brotþola, sem fær ákveðinn stuðning í framburði vitnisins E, hafi brotþoli ögrað ákærða með orðum en ekkert er fram komið sem styður framburð ákærða um að brotþoli hafi slegið hann eða sparkað í hann. Þó sögðu vitnin, og er það í samræmi við framburð brotþola, að hún hefði sett annan fótinn út um opinn glugga bifreiðarinnar og ýtt við ákærða og að ákærði hefði þá tekið í fót hennar og slegið honum í höfuðið á sér eða andlit. Ákærði bar um að hafa fengið áverka eftir fót brotþola og staðfesti brotþoli það í framburði sínum. Í ljósi framangreinds er ekkert fram komið sem styður framburð ákærða um að brotþoli hafi veist að honum. Þá bar ákærði um að brotþoli hefði, eftir að hann hafði hlotið högg frá henni, sett andlitið út um gluggann og hefði hann þá slegið hana af ótta við að fá á sig fleiri högg frá henni. Framburður brotþola og vitna var á sama veg um aðstæður þegar ákærði sló brotþola. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa séð hana setja aðra líkamsparta út um gluggann í þetta sinn. Í ljósi aðstæðna verður ekki á það fallist með ákærða að brotþoli hafi verið í aðstæðum sem gáfu honum tilefni til að óttast árás af hennar hálfu, sérstaklega í ljósi þess að hann gat sjálfur auðveldlega hörfað frá bifreiðinni, eins og hann tók sjálfur undir í framburði sínum. Brotþoli gat sér hins vegar enga vörn veitt eins og hún var staðsett.

Í ljósi framangreinds er það mat dómsins að framburður ákærða sé ótrúverðugur hvað varðar aðstæður og háttsemi brotþola í umrætt sinn og verður því niðurstaða málsins ekki á honum byggð. Framburður brotþola hefur verið stöðugur í gegnum alla meðferð málsins og fær hann einnig stoð í framburði vitnanna E og F en ekkert er fram

komið sem bendir til þess að sá framburður sé vilhallur brotþola vegna vináttu hennar og B. Verður framburður brotþola því lagður til grundvallar við úrlausn málsins. Í ljósi þess sem að framan er rakið telur dómurinn nægilega sannað að ákærði hafi slegið brotþola í andlitið með þeim afleiðingum að hún fékk þá áverka sem í ákæru greinir. Er brot ákærða talið varða við 1. mgr. 217. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði er í 3. ákærulið ákærður fyrir að hafa miðvikudaginn 24. júlí veist með ofbeldi að fyrrverandi kærustu sinni og barnsmóður, C, í bifreið sem ákærði ók á leiðis í Heiðmörk, slegið og gripið í hana og eftir að hann stöðvaði bifreiðina tekið farsíma hennar og sparkað honum út fyrir veg þannig að hann tjónaðist. Háttsemin er í ákæru talin varða við 1. mgr. 218. gr. b í lögum nr. 19/1940. Ákærði neitar sök. Hann viðurkenndi fyrir dómi að hafa farið umrædda ferð í Heiðmörk með brotþola, hafa á leiðinni gripið í hana og að hafa þegar í Heiðmörk var komið tekið farsíma hennar og hent honum út fyrir veg þannig að hann skemmdist. Ákærði neitaði því alfarið að hafa slegið til brotþola. Um atvik umrætt sinn liggur einungis fyrir framburður ákærða og brotþola. Er það mat dómara að framburður þeirra beggja hafi verið trúverðugur og stöðugur svo langt sem hann nær. Brotþoli sagði ákærða hafa lamið sig þegar hann var að aka á leiðis í Heiðmörk en einnig hefði hann slegið hana í andlitið eftir að hafa stöðvað bifreiðina á leiðinni þangað og hefði það verið fyrsta höggið sem hann veitti henni. Þá kom fram í framburði hennar að á sama tíma hefði ákærði einnig, á meðan hann ók bifreiðinni, verið að skoða upplýsingar í síma. Þá liggja fyrir myndir sem brotþoli bar um að hafa tekið sem sýna áverka á hægri upphandlegg sem hún telur sig hafa fengið við högg frá ákærða. Hins vegar liggja ekki fyrir önnur gögn en framburður brotþola um að ákærði hafi slegið hana í andlitið umrætt sinn. Þær þrjár myndir sem liggja fyrir af áverkum brotþola eru af hægri upphandlegg hennar sem var þannig fjær ákærða þegar hann ók bifreiðinni. Áverkar þeir sem sjást á myndunum ná upp að öxl. Rafræn eintök myndanna sýna að elsta myndin var tekin 25. júlí 2019, kl. 15:43, en hinar 30. og 31. júlí 2019. Brotþoli bar um að hafa varið andlit sitt með höndunum fyrir höggum frá ákærða og þannig hlotið áverkana. Með hliðsjón af lýsingu brotþola á aðstæðum verða myndirnar ekki taldar styðja framburð brotþola með fullnægjandi hætti. Er þá bæði litið til þess að þær voru fyrst teknar degi eftir að atvik áttu sér stað auk þess sem telja verður að staðsetning áverkanna sé þannig að vafi leiki á því að atvik hefðu getað gerst með þessum hætti.

Framburður brotþola um að ákærði hafi gripið í hana er nokkuð óljós en hún sagði að ákærði gæti hafa rifið í hana en taldi að hún hefði a.m.k. ekki hlotið áverka vegna slíkar háttsemi. Þá er framburður ákærða hvað þetta varðar almennur og án nánari lýsingar á atvikum en hann sagði að verið gæti að hann hefði verið að reyna að ná athygli brotþola þegar virst hefði sem hún hefði ekki verið að hlusta á hann. Verður ekki á það fallist að framangreindar lýsingar séu fullnægjandi sönnun um að ákærði hafi veist með ofbeldi að brotþola þannig að talið verði að um refsiverða háttsemi sé að ræða.

Loks hefur ákærði viðurkennt að hafa skemmt farsíma brotþola og er sá framburður í samræmi við framburð brotþola. Í ljósi þess að dómurinn hefur ekki fallist á það að háttsemi ákærða verði felld undir 1. mgr. 218. gr. b., þar sem dómurinn hefur ekki fallist á að skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt, ber að skoða hvort forsendur séu til að beita vægari refsíákvæði um háttsemi ákærða. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 skal m.a. tilgreina í ákæru heiti brots að lögum og aðra skilgreiningu. Orðalag verknaðarlýsingu í ákæru býður þannig ekki upp á að háttsemin verði heimfærð undir önnur refsíákvæði, þ.m.t. 1. mgr. 257. gr. laga nr. 19/1940. Eru því ekki efni til annars en að sýkna ákærða af háttseminni.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki talið að sannað sé þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi framið brot það sem greinir í 3. ákærulið og verður hann því sýknaður af því.

Ákærði jatar að hafa sent þau skilaboð sem greinir í 4. ákærulið en telur háttsemi sína ekki vera refsiverða. Ber ákærði því við að ástand hans hafi verið slæmt á þessum tíma. Bæði hafi hann verið ölvaður og í slæmu andlegu ástandi og vísaði hann til þess að skömmu áður hefði hann ætlað að fyrirfara sér. Taldi ákærði að brotþoli hefði átt að vita hvernig honum leið þar sem þau hefðu skömmu áður talað saman á Facetime. Brotþoli staðfesti í framburði sínum fyrir dómi að hafa verið í samskiptum við ákærða áður en hann sendi skilaboðin en ekki hafa áttað sig á því hvernig ástand hans var. Hún hefði tekið orð ákærða alvarlega og óttast að hann mundi láta verða af hótunum sínum. Þá taldi hún að ákærði hefði áður sýnt að hann væri vís til þess og orðaði það svo að hún hefði óttast að ákærði mundi gera „þetta“ aftur.

Ljóst er af orðalagi skilaboðanna að ákærði var með þeim að hóta brotþola ofbeldi. Verður þannig á það fallist að hótanirnar hafi verið til þess fallnar að valda brotþola ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína og var framburður brotþola á þann veg að þannig hefði líðan hennar verið þegar hún fékk skilaboðin. Verður ekki á það fallist

með ákærða að það skipti hér máli að brotþoli hafi vitað eða mátt vita að ákærði var í burtu þegar hann sendi skilaboðin eða það að á þriðju viku leið frá því að brotþoli móttók skilaboðin og þar til hún lagði fram kæru vegna þeirra. Þá dregur líðan ákærða eða ölvun hans þegar hann sendi skilaboðin ekki úr refsineymi þeirra, sbr. 15. og 17. gr. laga nr. 19/1940, en ekkert er fram komið sem bendir til þess að ákærði hafi ekki verið sakhæfur þegar hann sendi skilaboðin. Ákærða mátti vera ljóst að skilaboðin væru til þess fallin að valda brotþola ótta hvort sem henni var andleg vanlíðan ákærða ljós eða ekki. Með vísan til framangreindrar niðurstöðu þar sem heimfærslu brota ákærða til 1. mgr. 218. gr. b var hafnað er brot ákærða talið varða við 233. gr. laga nr. 19/1940.

Eins og að framan hefur verið rakið telur dómurinn að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi framið þau brot sem hann er ákærður fyrir í 1., 2. og 4. ákærulið í samræmi við framangreinda niðurstöðu hvað varðar heimfærslu brotanna til refsíákvæða.

VI

Ákærði er fæddur árið 1999. Samkvæmt framlögðu sakavottorði ákærða dagsettu 9. janúar 2020 gekkst hann 6. september 2019 undir sektargerð lögreglustjóra vegna ölvunaraksturs. Eru brot sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir hegningarauki við þá sektargerð.

Við ákvörðun refsingar ákærða er litið til þess að brot hans beindust gegn heilsu og velferð tveggja ungra stúlkna og höfðu afleiðingar fyrir líðan þeirra og velferð, sbr. 1. og 3. tölulið 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940, auk þess sem telja verður að ákærði hafi notfært sér það traust sem stúlkurnar báru til hans í ljósi sambands þeirra við hann. Þá er sú árás sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir samkvæmt 1. ákærulið einstaklega gróf og ber vott um algjört skeytingarleysi gagnvart lífi stúlkunnar. Til refsimildunar er litið til ungs aldurs ákærða, sbr. 4. tölulið framangreinds ákvæðis, en hann var um tvítugt þegar hann framdi þau brot sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir og játningar hans hvað varðar 1. ákærulið. Hvað varðar 2. ákærulið er einnig litið til þess ákærða til refsimildunar að brotið framdi hann eftir að brotþoli ögraði honum með orðum í rifrildi þeirra á milli, sbr. 7. tölulið framangreinds ákvæðis. Fyrir liggur að ákærði var verulega ölvaður þegar þau atvik gerðust sem lýst er í 1. ákærulið. Þá er ekkert fram komið um að brotþoli hafi valdið því að ákærði hafi þá verið í ójafnvægi né heldur hefur verið sýnt fram á að svo hafi verið. Verður þannig ekki á það fallist með ákærða að forsendur séu til að líta til 4. töluliðar 74. gr. eða 75. gr. laga nr. 19/1940 við ákvörðun refsingar.

Í ljósi alls framangreinds, með vísan til 77. gr. laga nr. 19/1940 og dómafordæma, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Í ljósi sakarefnis og þá sérstaklega alvarleika þeirrar árásar sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir að hafa framið 19. október 2019 eru ekki efni til að skilorðsbinda refsingu ákærða.

Með vísan til 76. gr. laga nr. 19/1940 kemur til frádráttar dæmdri refsingu ákærða, með fullri dagatölu, gæsluvarðhald sem hann hefur setið í frá 19. október 2019 að frádregnum 25. til 30. október 2019.

Í málinu gerir brotþoli B kröfu um miskabætur að fjárhæð 4.500.000 krónur sem sundurliðaðar eru þannig að krafist er bóta að fjárhæð 3.500.000 króna vegna þeirra atvika er greinir í 1. ákærulið en 1.000.000 króna vegna 2. ákæruliðar. Brot líkt og það sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir að hafa framið 19. október 2019 er til þess fallið að hafa í för með sér miska fyrir þann sem fyrir því verður. Þá má af málsgögnum og vottorðum sérfræðinga ráða að árás ákærða á brotþola 19. október sl. hefur haft mikil áhrif á líðan hennar. Áverkar hennar voru alvarlegir og fjölþættir. Þá er brotþoli enn að kljást við alvarlegar andlegar og líkamlegar afleiðingar árásarinnar. Í ljósi framangreinds þykir brotþoli eiga rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin, með hliðsjón af atvikum og dómafordæmum, vegna árásarinnar 19. október 2019, 1.500.000 krónur, og vegna árásar 8. september 2019, 200.000 krónur.

Í málinu gerir brotþoli C kröfu um miskabætur að fjárhæð 1.500.000 krónur sem sundurliðaðar eru þannig að krafist er bóta að fjárhæð 1.000.000 króna vegna þeirra atvika er greinir á 3. ákærulið en 500.000 króna vegna 4. ákæruliðar. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir að hafa 13. október 2019 sent brotþola hótanir, sbr. 233. gr. laga nr. 19/1940, eins og lýst er í 4. ákærulið, en sýknaður af broti samkvæmt 3. ákærulið og kemur sá kröfuliður því ekki til frekari skoðunar. Hvað varðar 4. ákærulið þá liggur einungis fyrir framangreint vottorð J um áhrif brotsins á líðan brotþola auk framburðar brotþola sjálfrar. Verður að telja að brot ákærða sé til þess fallið að hafa í för með sér miska fyrir þann sem fyrir brotinu verður. Í ljósi framangreinds þykir brotþoli eiga rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin, með hliðsjón af atvikum og dómafordæmum, 200.000 krónur.

Dæmdar bætur bera vexti og dráttarvexti eins og nánar greinir í dómsorði og telur dómurinn rétt að miða upphafstíma dráttarvaxta við þann tíma er mánuður var liðinn frá þingfestingu málsins.

Eftir úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008, verður ákærði dæmdur til að greiða 2/3 málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, er teljast alls hæfilega ákveðin, með hliðsjón af tímaskýrslu verjanda, 2.500.000 krónur, en 1/3 þeirra greiðist úr ríkissjóði. Þá greiði ákærði þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Sögu Ýrar Jónsdóttir lögmanns, 1.500.000 krónur, vegna vinnu í þágu brotaþola B og helming þóknunar sama lögmanns sem skipaðs réttargæslumanns brotaþola C, sem alls er ákveðin 1.000.000 króna, en helmingur greiðist úr ríkissjóði. Við ákvörðun málsvarnarlauna lögmannna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Ákærði greiði einnig 470.670 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti ákæruvaldsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, A, sæti fangelsi í 12 mánuði. Til frádráttar dæmdri refsingu komi gæsluvarðhald ákærða frá 19. október 2019 að frádregnum 25.-30. október 2019.

Ákærði greiði B, kennitala [...], 1.700.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af 200.000 krónum frá 8. september 2019 til 19. október 2019 en af 1.700.000 krónum frá þeim degi til 29. febrúar 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði C, kennitala [...], 200.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 13. október 2019 til 29. febrúar 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 2/3 málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, 2.500.000 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola C, Sögu Ýrar Jónsdóttur lögmanns, 1.500.000 krónur, helming þóknunar sama lögmanns sem skipaðs réttargæslumanns C, sem alls er ákveðin 1.000.000 króna, og 470.670 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir